



**Íþróttamiðstöðin
Borg**



Sumaropnun



1. júní - 21. ágúst

Mánudaga – Föstudaga kl. 10–22

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 –19

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

Júní 2016



HVATARBLAÐIÐ



*17. júní
hátíðarhöld*

Skrúðganga frá Versluninni Borg kl. 13:00

Hátíðarræða

Ávarp fjallkõnu

Grillaðar pylsur og gos

Hoppukastali á íþróttavellinum

Leikjir og glens í íþróttahúsinu

(Fau börn sem eiga fána frá fyrri árum endilega munið eftir þeim.)



FUNDARGERÐ.

389. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 4. maí 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Jón Örn Ingileifsson í fjarveru Sigrúnar Jónu Jónsdóttur

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. apríl 2016.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. apríl 2016 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 30. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 24. febrúar 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 31. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 21. mars 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Heldriborgaraferð 2016

Nú er komið að okkar árlegu Heldriborgaraferð ☺
Kvenfélag Grímsneshrepps bíður íbúum Grímsnes- og Grafningshrepps, 60 ára og eldri, í dagsferð. Í ár ætlum við að fara laugardaginn 2. júlí og tökum stefnuna vestur, í Borgarnes og Hvalfjörðinn.

Skráning þarf að berast fyrir föstudaginn 24.júní nk.

Frekari upplýsingar og skráningar:
Ingibjörg Kristín Ingadóttir s. 893-1048
Laufey Guðmundsdóttir s.863-7218



Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðva frá 1. maí til 31. ágúst

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur		10:00 - 13:00		14:00 - 17:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 17:00	
Miðvikudagur		10:00 - 13:00		14:00 - 17:00
Fimmtudagur	10:00 - 12:00		14:00 - 17:00	
Föstudagur			12:00 - 14:00	15:00 - 17:00
Laugardagur		14:00 - 16:00	14:00 - 16:00	14:00 - 16:00
Sunnudagur	10:00 - 12:00	14:00 - 18:00	14:00 - 18:00	14:00 - 18:00

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.



HÓPFERÐ

Sólheimahringur

Laugardaginn 11. júní

Farinn verður Sólheimahringurinn, staldrað við bæina og sagðar sögur af mönnum og málefnum.

Kl. 11:00 Mæting á Gömlu Borg, morgunkaffi.
Kl. 11:30 Brottför.
Kl. 13:00 Sólheimar, veitingar, súpa, brauð og kaffi.
Kl. 16:00 Ferðarlok.

Fararstjóri Guðfinna Ragnarsdóttir.
 Sögumenn auk fararstjóra, Böðvar Pálsson, Lís Thomsen, Sigurður Gunnarsson, Pétur Sveinbjarnarson, Jóhanna Jóhannesdóttir og Hörður Óli Guðmundsson.

Verð kr. 3.500. Fargjald, veitingar og bæklingur með efni um svæðið. Jónína Loftsdóttir tekur við skráningu í ferðina 6.-9. júní í síma 6941913.

Diskar með viðtölum og áður útgefnir bæklingar verða til sölu á lágu verði á meðan birgðir endast.

Hollvinir Grímsness




GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

- c) **Fundargerð 32. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. apríl 2016.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- d) **109. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 25. apríl 2016.**

Mál nr. 13, 14, 15 og 27 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 109. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 25. apríl 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 13: 1604023 - Neðan-Sogsvegur 14 lnr. 169341; Sumarhús; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram fyrirspurn eigenda lóðarinnar Neðan-Sogsvegur 14, úr landi Norðurkots, dags. 12. apríl 2016 þar sem óskað er eftir heimild til að byggja 127,9 m² fristundahús á lóðinni. Lóðin er í þjóðskrá skráð 5 ha en skv. deiliskipulagi skiptist landið í tvo hluta sem samtals eru 3,18 ha. Á lóðinni er í dag hús sem er 54,1 m² hús byggt 1960. Þar sem ekki er afmarkaður byggingarreitur á því svæði sem fyrirhugað er að reisa nýtt fristundahús telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingu á deiliskipulagi svæðisins áður en hægt er að veita leyfi fyrir nýju húsi.

Mál nr. 14: 1512045 - Álfabyggð: Miðengi: Deiliskipulag.

Fyrir liggur að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi 48 ha svæðis úr landi Miðengis fyrir fristundabyggð sem kallast mun Álfabyggð. Tillagan var auglýst frá 25. febrúar til 8. apríl 2016 og bárust tvær athugasemdir sem báðar varða aðkomu að svæðinu. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggja viðbrögð umsækjenda við innkomnum athugasemdum.

**Mál nr. 15: 1604032 - Nesjavellir-Orkuver:
Orkuvinnslusvæði: Breyting á deiliskipulagi.**

Fyrir liggur umsókn frá Orku náttúrunnar, dags. 15. apríl 2016 um breytingu á deiliskipulagi Nesjavalla. Breytingin er gerð í tengslum við framkvæmdir er varðar förgun affalsvatns frá virkjuninni og er m.a. afmarkaður byggingarreitur fyrir allt að 70 m² dæluhús norðan aðkomuvegar að borholustæði NJ-16 auk tilheyrandi lagna. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða og mælir með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Mál nr. 27: 1604003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-28.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2016.

- e) **Fundargerð aðalfundar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 25. apríl 2016.**

Mál nr. 5 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram aðalfundargerð Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., dags. 25. apríl 2016. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 5: Breyting á gjaldskrá.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi gjaldskrárbreytingu.

- f) **Fundargerð 4. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 19. apríl 2016.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- g) **Fundargerð 18. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs., 4. apríl 2016.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



Opið er alla virka daga frá 10-16 eða eftir samkomulagi.

Sími 669-0108.

Saumaðkompan



Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur



Elsa Jónsdóttir
Sími 486 4515



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur -
jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farbega.

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
 Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögrfr. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land
 LÖGMENN

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss

3. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps 2015.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2015 lagður fram til seinni umræðu. Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi:

Rekstrarniðurstaða A hluta	kr.	11.337.647
Rekstrarniðurstaða A og B hluta saman	kr.	-7.448.960
Eigið fé	kr.	563.029.745
Skuldir	kr.	993.029.477
Eignir	kr.	1.556.059.221
Veltufé frá rekstri	kr.	65.431.376

Ársreikningur samþykktur samhljóða og áritaður af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda íbúafund um ársreikning sveitarfélagsins í Félagsheimilinu Borg, þriðjudaginn 14. júní kl. 20:00.

4. Tilboð frá Forleifastofnun Íslands vegna áætlunar um yfirferð forleifaskráningar og hugmyndavinnu í tengslum við endurskoðun aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur tilboð frá Forleifastofnun Íslands vegna áætlunar um yfirferð fornleifaskráningar og hugmyndavinnu í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tilboð.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki III í Félagsheimilinu Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 26. apríl 2016 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki III í Félagsheimilinu Borg. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

6. Bréf frá Þjóðskrá Íslands vegna Íbúaskrár Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2015.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 14. apríl 2016 vegna íbúaskrár Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2015. Samkvæmt íbúaskránni þann 1. desember 2015 er íbúafjöldi sveitarfélagsins 464. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við íbúaskránni.

7. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna, 449. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

8. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015 – 2018, 638. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir athugasemdir við tímamörk að umsagnarfrestur þingsályktunartillögunnar sé einungis ein vika. Einnig er gerð athugasemd við að gildistaka tillögunnar er árið 2015 sem löngu er runnið sitt skeið. Sveitarstjórn vill koma því á framfæri að stóraukið verði við fjármuni til viðhalds og vetrarþjónustu á núverandi vegakerfi.

9. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um útlendinga, 728. mál.

Frumvarpið lagt fram.

10. Erindi vegna ferðapjónustu fatlaðra.

Fyrir liggja bréf frá Máflutningsstofu Reykjavíkur, dagsett 26. apríl 2016 f.h. 8 einstaklinga á Sólheimum þar sem krafist er ferðapjónustu á vegum sveitarfélagsins í allt að 120 ferðir á mánuði. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins. Guðmundur Ármann Pétursson vék sæti við afgreiðslu máls.

11. Sameining sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps óskar eftir að öll

GRÍMSÆVINTÝRI

6. ágúst



Grímsævintýri á Borg, 6. ágúst 2016

Við í Kvenfélagi Grímsness erum byrjaðar huga að Grímsævintýrum á Borg sem verða 6. ágúst. Tombóla, fjölskylduhátíð, handverks- og matarmarkaður. Við erum byrjaðar á að taka við borðapöntunum á markaðinn, nánari upplýsingar og borðapantanir fara í gegnum netfangið: grimsaevintyri@gmail.com.

Ertu með þína framleiðslu í handverki eða mat sem þú vilt selja? Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.

Lítið borð: 3.500kr Stórt borð: 4.500kr

Fylgstu með viðburðinum á Facebook –
Grímsævintýri 6. ágúst 2016



Tombólan á Borg 90 ára

Grímsævintýri á Borg, 6. ágúst 2016

Nú í ár mun Kvenfélag Grímsneshrepps halda sína árlegu og víðfrægu tombólu í 90. sinn. Margar skemmtilegar upptakur, sögur og minningar eru til í kringum Tombóluna á Borg.

Viltu leggja Tombólunni og Kvenfélaginu lið með vinningum? Endilega hafið samband við umsónarkonur Tombóllunnar 2016 og við munum taka glaðar á móti þínu framlagi ☺

Sigríður Laufey Gunnarsdóttir, brandmat@internet.is sími: 868-4792

Inga Kristín Ingadóttir, ingakri@simnet.is sími: 893-1048

Næst var að líta á fermingargjafirnar. Ég fékk armbandsúr frá foreldrum mínum og um 1500 krónur í peningum. Bókina 20 smásögur eftir Einar H. Kvaran frá móðursysturum mínum og fótbolta sem við fórum með út í Garð og þar sýndi Sverrir Þorleifsson, knattleikni sína með því að spyrna boltanum beint til himins svo ég hélt á tímabili að ég sæi boltann ekki meira. Svaka dundur. En nú gerðist það sem enginn átti von á, ó-boðinn gestur kom skálmandi heim tún, neðan úr Koti og lét ófriðlega og bölvæði ógurlega. Urðu gestir flemtri slegnir, þegar þeir sáu að þar kom rauð huppóttur griðungur líkastur Þorgeirsbola. Stefni nautið rakleitt á okkur krakkana þar sem við vorum að æfa knattspyrnu, líklega á svipuðum slóðum og þar sem húsið mitt stendur nú. Var hér kominn Bolli S 46, hafði slitið sig lausan og stangað sig út úr Kotshúsunum, þar sem hann var í sérstakri gæslu bóndans, Páls á Búrfelli. Bolli hafði ráðist á bóndann Jóhannes á Fossi, og vildu bændur farga honum tafarlaust, seinna uppgötvaðist að bóndinn hafði verið svo hræddur við bola að hann fór ávallt upp í básinn með heykvísl og stakk henni í síðuna á bolsa, þegar hann var að gefa honum hey, svo það var von að hann yrði vondur, en þar sem tarfurinn var vel ættaður frá Bollastöðum í Flóa og gaf af sér mjólkurlagnar dætur, óskaði Páll eftir að fá að hafa tudda, og taka ábyrgð á honum og sjá til hvort ekki mætti bliðka bola, sem og varð og síðar fór Bolli S 46 á sæðingarstöðina í Laugardælum og talinn eitt besta nautið þar. Já nú var safnað liði og brátt náðist boli. Hann var með hring í nefinu, gegn um miðnesið, sem kaðaltaumur var bundinn í og þannig var boli leiddur milli bæja og í þetta sinn til síns heima. Líkur hér að segja frá fermingardegi mínum árið 1951

Böðvar Pálsson.

**SKAPANDI OG SKEMMTILEGT
SUMARSTARF
FYRIR BÖRN OG UNGLINGA
Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI
SUMARIÐ 2016
UPPLÝSINGAR UM NÁMSKEIÐ
gogg.is**



sveitarfélög í Árnessýslu tilnefni tvo fulltrúa hvert í nefnd sem skoða muni kosti og galla þess að sameina Árnessýslu í eitt sveitarfélag. Stefnt yrði að fyrsta fundi sameiningarnefndar í byrjun september þar sem oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps muni boða til. Óskað er eftir tilnefningum fyrir lok ágúst.

12. Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að júní fundirnir frestist um viku. Fundir sveitarstjórnar sumarið 2016 verða því miðvikudagana 18. maí, 8. júní, 22. júní, 6. júlí og 24. ágúst. Fundirnir hefjast allir kl. 9:00 f.h.

13. Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verði lokað vegna sumarleyfa starfsmanna frá 25. júlí til og með 12. ágúst 2016.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 171. stjórnarfundar 20.04 2016.
- ✓ Bréf frá Héraðssambandinu Skarphéðni, dagsett 20. apríl 2016 með tillögum sem samþykktar voru á 94. héraðsþingi HSK þann 12. mars s.l.
- ✓ Kvenfélag Grímsneshrepps, ársskýrsla 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga, skýrsla skólaþings sveitarfélaga 2015.
- ✓ Héraðssambandið Skarphéðinn, ársskýrsla 2015.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Eignarhaldsfélag Suðurlands hf., ársreikningur 2015.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ RARIK, ársskýrsla 2015.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Byggðastofnun, ársskýrsla 2015.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:50



FUNDARGERÐ.

390. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 18. maí 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ása Valdís Árnadóttir í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur

Hörður Óli Guðmundsson

Karl Þorkelsson í fjarveru Sigrúnar Jónu Jónsdóttur

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Gunnar Þorgeirsson

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. maí 2016.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. maí 2016 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 33. fundar atvinnuálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. apríl 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Minnisstætt frá spurningunum var það að heim fórum við Dúna (Guðrún á Búrfelli) með mjólkurbíl og löbbuðum með okkar dót, svefnpoka og skólatösku, alla leið frá Miðengisbrúsapalli heim að Búrfelli, sveitt og þreytt, um fjögurra kílómetra leið.

Fermingardagurinn rann upp bjartur og fagur. Kirkjan var sneisa full af fólki eins og vonlegt var . Ég var innstur að sunnanverðu í kirkjunni, næstur mér var Jón Ingileifsson , Svínavatni og svo Sverrir Úlfsson, Brúarlandi við Ljósafoss

Á móti okkur sátu okkar fermingarsystur, Guðrún Halldórsdóttir á Búrfelli og Krístrún Stefánsdóttir á Minniborg. Fermingar athöfnin fannst mér löng og mikill hiti var inni í kirkjunni þar sem sól og logn var úti. Ekki var altarisganga í þessari athöfn og var hún síðar um sumarið við næstu messu. Allt hafðist þetta og var nú komið að fermingarveislunni. Búið var að taka niður hjónarúm pabba og mömmu inn í svefnherbergi og setja þar langborð, og leggja þar á borð, líklega fyrir eina 20 gesti. Svínavatns fjölskyldan var á bíl með Skúla Helgasyni og Minniborgar fjölskyldan og Klausturhólahjón, á vörubíl með boddýi frá versluninni á Minniborg, fóru fljótlega og þágu ekki góðgerðir. Stefán og Björgvin í Klausturhólum lögðu báðir 100 krónu seðil í lófa minn um leið og þeir kvöddu. Líklega algeng upphæð á fermingargjöf á þessum tíma. En þá var það fjölskylda Sverris sem átti von á bíl frá Rafveitunni við Ljósafoss einhvern tíman síðar um daginn. Þarna voru afi og amma á Laugarvatni með Magnúsi og Aðalbjörgu í Miðdal, þrjár móðursystur mínar Hlíf, Magnea og Lára og Haukur, Gróa og Olla og hennar fjölskylda og Sverrir og Þórólfur Þ. ásamt Rósmundi og Bergu.

Já, nú tók gestrisni móðir minnar öll völd, hún bauð fjölskyldu Sverris, Úlf og Vilborgu, og þeirra börnum að gjöra svo vel sem þau þágu með þökkum og settust við hlaðið veisluborð, en mínir gestir urðu að bíða á meðan. Sennilega hafa afi og amma og prestshjónin geta verið með í fyrsta holli. Brátt kom rafveitubíllinn og sótti fjölskyldu Sverris, en þetta hefur nokkrum sinnum komið mér í hug og finnst nokkuð taktleysi að þau skyldu þiggja, en aldrei man ég eftir því að mamma hefði orð á þessu. Gestrisni var henni svo eiginleg og sjálfsgöð.

Svo kom að því að ég og mínir gestir nutu veitinga, sem örugglega var heitt súkkulaði og smurðar flatkökur og góðar tertur. Ekki man ég annað en að allir fengju nóg af veisluföngum og í þann mund sem við vorum að ljúka þessu, kom enn einn bíll í hlað og var þar komin Ólöf systir mín, nýstúdent frá Menntaskólanum á Akureyri ásamt fjórum fimm öðrum nýstúdentum, öll með hvítar stúdentshúfur og urðu heldur betur fagnaðarfundir. Settust þau að borðum og enn var nóg til, en aldrei man ég eftir að mamma settist niður og fengi sér sopa með okkur.



Fermingardagurinn minn

Ég fermdist um Jónsmessuleytið árið 1951. Við vorum fimm fermingar-systkinin sem fermdust í Búrfellskirkju þetta vor. Presturinn okkar sr. Ingólfur Ástmarsson fór þetta vor óvænt með prófessor Ásmundi Guðmundssyni síðar biskup, til Ísrael og þess vegna dróst fermingin svona langt fram á vor. Frú Rósa B. Blöndals, prestfrú kallaði á okkur í spurningar að Mosfelli þar sem við vorum í viku hjá henni. Kennslan fór fram í Mosfellskirkju. Við vorum fimm úr Grímsnesi og líklega tveir úr Laugardal sem hafa fermst í Miðdal. Frú Rósa lagði mikið upp úr að við lærðum sálma og var lágmark að kunna tíu sálma utanbókar. Einnig setti hún okkur fyrir sálminn „Í dag er glatt í döprum hjörtum“ og máttum við læra hann bara einhvern tíma á lífsleiðinni, ég verð líklega að fara að læra þennan sálma, því ævin fer líklega að stytast. Við vorum viku-tíma hjá prestfrúnni, en eftir að sr. Ingólfur kom úr reisu sinni þá kallaði hann á okkur aftur að Mosfelli í nokkra daga og fór yfir ferminguna. Kennslan fór fram í kirkjunni og var ævinlega sunginn sálmur á undan og eftir. Ég man að við vorum að syngja sálminn „Í fornöld á jörðu“ ein tíu vers og tókst söngurinn heldur slaklega, ég kunni að spila þennan sálma utan að á orgel og gat ekki annað en látið prest vita á eftir að ég gæti spilað nokkur sálmalög og mikið varð prestur glaður við þetta og man ég að ég spilaði þá strax „Ár og síð ég er í voða“ og fleiri sálma eftirleiðis við þessar kennslustundir. Má segja að þarna hafi verið mín fyrsta frumraun í orgelleik, en síðar á ævinni spilaði ég í nokkur ár við messur í öllum kirkjum í Grímsnesi og nokkrum sinnum í Úlfjótssvatnskirkju og einu sinni á Þingvöllum. Séra Ingólfur kom með vatn á flösku úr ánni Jórdan og notaði hann það saman við skírnarvatn, á meðan entist úr flöskunni, næstu ár á eftir.

b) Fundargerð 53. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 3. apríl 2016.

Fundargerðin lögð fram, liður 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar þar sem lagt er til að fjöldi skóladaga næsta skólaár verði 179. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjölda skóladaga skólaárið 2016 til 2017.

c) 110. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 12. maí 2016.

Mál nr. 11, 12, og 27 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 110. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 12. maí 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 11: 1512045 – Álfabyggð Miðengi: Deiliskipulag.

Lögð fram að nýju tillaga að deiluskipulagi sem frestað var á fundi sveitarstjórnar þann 4. maí síðastliðinn. Skipulagsnefnd telur að fyrirliggjandi athugasemdir gefi ekki tilefni til breytingar á deiliskipulaginu og mælir með að deiliskipulagið verði samþykkt óbreytt. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið.

Mál nr. 12: 1604055 – Snæfoksstaðir lóð 103a.

Lögð fram umsókn Sólfríðar Guðmundsdóttur dags. 22. apríl 2016 þar sem óskað er eftir að fristundahúsalóðinni Snæfoksstaðir lóð 103a verði breytt í íbúðarhúsalóð. Að mati nefndarinnar er ekki hægt að breyta lóðinni í íbúðarhúsalóð þar sem svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem fristundabyggð því leggur nefndin til að erindinu verði hafnað. Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar samhljóða.

Mál nr. 14: 1604005F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-29 fundur.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2016.

3. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla 675. mál.

Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að í frumvarpinu er gert ráð fyrir skyldu sveitarfélaga til að reka fristundaheimili. Í 5. grein frumvarpsins er þetta sett í lög að reka skuli fristundaheimili nauðsynlegt er að tekjur verði tryggðar til sveitarfélaganna svo þetta verkefni geti orðið að veruleika.

4. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Frumvarpið lagt fram.

5. Beiðni Umhverfis og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vatnajökulspjóðgarð 673. mál.

Frumvarpið lagt fram.

6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II frá Litla Hálsi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir að leyfi verði veitt en beinir því til Sýslumannsembættisins að afrit af leyfinu verði sent til sveitarfélagsins þegar það verður veitt.

7. Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 2 maí 2016.

Fyrirhugað er að skipuleggja uppbyggingu innviða og greiningu Sveitarstjóri Grímsnes og Grafningshrepps verður tengiliður í þessu verkefni.

8. Vorfundur Bergrisans.

Fyrir liggur tölvupóstur frá framkvæmdarstjóra Árborgar fyrir hönd Bergrisans bs. um vorfund þann 31. maí næstkomandi kl. 13.30 í Ráðhúsi Árborgar. Sveitarstjórnarmenn eru hvattir til að sækja fundinn.



Endurunnar töskur undir námsmat

Nú í vor fóru nemendur í 1.-7. bekk Kerhólsskóla heim með námsmatmöppurnar sínar í pokum sem þeir höfðu saumað og skreytt í textílmennu nú á vorönn.

Verkefnið var unnið í anda Grænfánans og töskurnar útbúnar úr gömlum lókum sem skólinn hafði fengið frá Sólheimum. Áður höfðu nemendur fengið plastpoka undir möppurnar svo þetta var kærkomin nýbreytni og skref í átt til sjálfbærrar þróunar en skólinn stefnir á að verða sjálfbær á allan hátt.



Til kynningar

- ✓ Fundur 508. fundar stjórnar SASS.
- ✓ Ársskýrsla Orlofs húsmæðra.
- ✓ Minnisblað frá fundi vísindaráðs almannavarna.
- ✓ Fundargerð 838. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- ✓ Ársyfirlit Tónlistarskóla Árnesinga.
- ✓ Fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10.00

Íbúafundur



Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu Borg

þriðjudaginn 14. júní n.k. kl. 20:00

Dagskrá:

- Ársreikningur 2015
- Staða á endurskoðun aðalskipulags.

Sveitarstjórn

Tungnaréttir 10. september

Í ljósi þess að sláturleyfishafar hafa gefið út að auknar álagsgreiðslur til sauðfjárbænda verða mestar frá 31. ágúst til 16. september, samþykktu sauðfjárbændur í Biskupstungum á fundi 29. apríl sl. að fjallreiðardagur verði laugardagurinn 3. sept og Tungnaréttardagur þ.a.l. laugardaginn 10. sept.

Óbreyttar tímasetningar verða á seinni leitum.

Stefnt er að því að Tungnaréttir verði eftirleiðis annan laugardag í september.

Fjallskilanevnd Biskupstungna.



Gamla Borg
KAFFIHÚS OG VEISLUSALUR
Í HJARTA GRÍMSNESS



Prjónakaffi á Gömlu Borg

*Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði
kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.*

Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!

Menningarveisla Sólheima hefst Laugardaginn 4. júní 2016

Verið öll hjartanlega velkomin

Dagurinn hefst við kaffihúsið Grænu könnuna.

11:00 Kvennahlaupið

12:00 Lúðrasveit Hafnarfjarðar

13:00 Setning Menningarveislu Sólheima 2016

13:10-13:50 Gengið á milli og sýningar opnaðar

14:00 Tónleikar Sólheimakórsins í Sólheimakirkju

16:00 Postularnir koma og gleðja

Komið og njótið dagsins með okkur íbúum

Nánar á www.solheimar.is



Íþrótt og leikjanámskeiðið á Sólheimum hefst
mánudaginn 6. júní

Foreldrar hafið samband við Valgeir F. Backman
valgeir@solheimar.is

Sími 422-6022 vegna skráninga, námskeiðið verður frá
6. júní til 5. ágúst

Virka daga milli 13:00-16:00 og er styrkt af
Grímsnes- og Grafningshreppi.



Kæru landsmenn!
Reynir Pétur gengur aftur!

Sýningin um Íslandsgöngu
Reynis Péturs Steinunnar-
sonar sem sett var upp í tilefni
30 ára gönguafmælis
1985-2015 verður aftur í
Íþróttaleikhúsi Sólheima í
sumar á
Menningarveislu Sólheima

Hefst 4. júní og stendur til 14. ágúst.

Opið alla daga frá klukkan 12:00 -18:00



Grísakjöt beint frá bónda

Sími 771-4465

Við erum á Sólheimahringnum

Verzlunin Borg

Opnunartími í sumar

Alla daga kl. 10-20

Sími : 486-4408



Tilboð á ís 17. júní

Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni

Mennningarveisla Sólheima

2016

Verð öll hjartanlega velkomin · Ókeypis aðgangur

Tónleikar

Alla laugardaga Mennningarveislur
kl. 14:00 í Sólheimakirkju



4. júní
Sólheimakórinn
leikur og syngur af innlifuðum undir
stjórn Lárusar Sigurðssonar



11. júní
Chrissie Guðmundsdóttir
fiðla og Jane Ade pianó
Rómantísk stund
með Chrissie og Jane



18. júní
Skuggamyndir frá Bysans
Þjóðlög frá Balkanskaganum



25. júní
Lay Low
syngur og leikur eigin lög



2. júlí
Elin Ey
tónlistarkona og tónskáld
flytur eigin tónlist



9. júlí
Berglind Stefánsdóttir flautuleikari
og **Sigurgeir Agnarsson sellóleikari**
leika verk eftir J.S. Bach og G.F. Handel
ásamt úsætingum af íslenskum þjóðlögum



16. júlí
Swavar Knútur söngvaskáld
flytur blöndu af sínum eigin
lögum og eðrlæfis íslensku
sönglögnum sínum



23. júlí
Valgeir Guðjónsson
leikandi létt tónlist
eins og honum er einum lagið



30. júlí
Pórrís G. Jónsdóttir selló
ásamt strengjassveit flytja m.a. verk
eftir Bach, Mozart og Vaughan-Williams



6. ágúst
Kristinn Árnason
leikur á klassískan gítar
verk frá Spáni, Frakklandi,
Þýskalandi og Paragvæ



13. ágúst
Raggi Bjarna
og **Porgeir Astvaldsson**
Lokatonleikar
Mennningarveislu Sólheima

SÓLHEIMAR

STJALFBERT SAMFELAG



Mennningarveislan
er formlega opnuð laugardaginn 4. júní
kl. 13:00 við kaffihúsið Grænu könnuna

Kynningar á vegum Sesseljúhúss

4. júní. Laugardagur kl. 14:00 í Sesseljúhúsi: Opnan sýninga í Sesseljúhúsi
Aul Benediktsson og Herdís Friðrikssdóttir leiba gesti um sýningarinnar í Sesseljúhúsi

7. júní. Þriðjudagur kl. 17:00 í Grænu könnunni: Úr baum í bolli
Christiane Mueller leðir gesti í allan samfelkann um ferðalag kaffibauzarinnar frá
raklunarsvæðum í bolli gesta Sólheima

12. júní. Sunnudagur kl. 14:00 í Sesseljúhúsi: Ölgöng á Sólheiminum
Þorvaldur Ingi Jónsson kynir gestum Ölgöng og fer með þeim í léttar aðlingar

14. júní. Þriðjudagur kl. 17:00 í Ingustofu: Frá hugmynd til listaverks
Starfsfólk vinnustofanna kynir starfseminna og gengur með gestum
um líessýninguna í Ingustofu

21. júní. Þriðjudagur í Sesseljúhúsi: Lífræn sápugerð
Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, starfsmaður jarðastofunnar á Sólheiminum,
fræðir gesti um jurtt og lífræna sápugerð á Sólheiminum

26. júní. Sunnudagur kl. 14:00 við Grænu könnuna: Þjega í andartaki
Unnur Arnósdóttir leðir gesti í léttar þjega – og huglósáðsluafingar
sem henta til þess að stunda lífi í nútíðinni

10. júlí. Sunnudagur kl. 14:00 í Sesseljúhúsi: Nýtt eða níkað?
Dóra Svavarsdóttir, matreiðslumeistari hjá Culina, heldur fyrirlestur
um matarsöfnun og kemur með nokkur hugnýt að til úrbóta

12. júlí. Þriðjudagur kl. 17:00 í Sesseljúhúsi: Hvað er að vera normall?
Jóhanna Magnúsdóttir fjallar um mörk þess að vera normall eða eðlilög
og veitir upp spurningumni hvort mörkin séu dík eðlir þjóðlögum

19. júlí. Þriðjudagur kl. 14:00 og 17:00 í Garðyrkjunastöðinni Summa:
Lífræn raklun á Sólheiminum

Valdimar Ingi Guðmundsson fræðir gesti og gengandi
um starfseminna og lífræna raklun

26. júlí. Þriðjudagur kl. 17:00 við Grænu könnuna: Örmannalíta
Ágúst Backman fræðir gesti um málgerð á Sólheiminum
og hvernig örmur koma þar við sögu

9. ágúst. Þriðjudagur kl. 17:00 við Grænu könnuna: Tröllagábur
Á Sólheiminum hafa íbúar sett saman merkgöngan matljúgarar
og mun Valgeir Friðolf Backman kynna garðinn og verkefnið
25. júní og 13. ágúst

Hesadagur á Sólheiminum
Þeymt undir á ljúfum hestum 15:00 - 17:00

13. ágúst Lífræni dagurinn
Fjölbeytt dagskrá frá kl. 12 til kl. 18
Markaðsþjald, tónleikar, Háskólaeðlin, hestar, skóladagur,
eldembur og heimadán frá Ággarði
Tilboð í verslun og kaffihúsi



Opnunarartímar sýninga
Sýningar í Ingustofu, Íþróttaleikshúsinu og Sesseljúhúsi eru opnar
á vikum dögum kl. 09:00 – 18:00 og um helgar frá kl. 12:00 – 18:00

Íþróttaleikshús Reynir þeir gengur betur
Ingustofa Samsýning vinnustofa

Útsýningar Eins og gestir hafi í gær, skatitdag Sólheima. Minningarperlu,
Grænn í 50 ár, Tröll í rjúm, Ljóðgarður, Högmyndagabur

Sesseljúhús Hrein orka betri heimur, Sólheimar sjálfhætt samfélag, Orkuskiðjar Sesseljúhúss. Sjálfhætt heimiljð, Fólsporn,
Jurtt og plántur í landi Sólheima, Hvað eru hlutir lengi að eyðast í náttúrunni?
Orkusgarður Sólheima

Guðbjörgunustur í Sólheimakirkju kl. 14:00
5. júlí er Kirkjugarður Sólheimakirkju
Háðarmessa

Kaffihúsið Græna kannan & Vala, verslun og lísthus
Opð alla daga kl. 12-18
Sjá nánar á www.solheimar.is